

Naustaskóli

Starfsáætlun ÍSAT veturinn 2025-2026



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Námsumhverfi og skipula

Í upphafi skólaárs var útlit fyrir að erlendir nemendur væru færri en skólaárið á undan. Þar af leiðandi var kennsluhlutfall kennara minna en í lok síðasta skólaárs. Í upphafi skólaárs bættust við nokkrir nemenur og var því bætt við kennslukvóta ÍSAT nemenda. Kristín Gísladóttir er áfram verkefnastjóri í 40% stöðu ásamt því að sinna kennslu ÍSAT á unglingastigi í 60% stöðu. Hrönn Rúnarsdóttir er í 100% stöðu og sér um ÍSAT kennslu á miðstigi ásamt Kittý Ásgeirsdóttur sem bættist við ÍSAT teymið frá og með 1.október og er í 50% stöðu. Sunna Alaxandersdóttir verður áfram í 50% stöðu og kennir ÍSAT í 1.-3. bekk. Alls eru það 2,6 stöður í ÍSAT kennslu.

Tveir nýjir nemendur hófu nám í 3. og 5. bekk sem fengu kynningu á skólanum í lok maí á síðasta skólaári en fóru frá okkur í september. Tveir nemendur koma einnig í Naustaskóla sem voru í Síðuskóla síðasta skólaár og eru því á fjórða ári í íslenskum skóla. Tveir nemendur voru nýskráðir í upphafi skólaárs auk þess sem þrír nemendur fluttu til landsins í september og hófu þá nám í Naustaskóla. Heildarfjöldi ÍSAT nemenda eru því 26. Þar af eru 2-3 sem eru komnir áleiðis með að klára 3. stig og eru ÍSAT kennarar til taks varðandi stuðning við íslenskunám þeirra.

Bekkur	Fjöldi ÍSAT nemenda
1.b	0
2.b	1
3.b	4
4.b	2
5.b	2
6.b	5
7.b	4
8.b	5
9.b	0
10.b	3
	26

ÍSAT nemendur verða frá eftirfarandi löndum; Kólumbíu, Litháen, Úkraínu, Venesúela, Frakklandi og Pólland. Móðurmál nemenda eru því, franska, rússneska, úkraínska, spænska og pólska.

Móttaka og úthlutun kennslutíma

Verkefnastjóri mun áfram sjá um móttöku erlendra nemenda og hafa yfirsýn yfir málefni þeirra næsta vetur. Verkefnastjóri mun fylgja eftir móttöku þeirra nemenda sem byrjuðu á vorönn, ásamt eftirfylgni með þeim erlendu nemendum sem eru nýjir í Naustaskóla en hafa áður verið í íslenskum skóla. Einnig mun verkefnastjóri sjá um stöðumat í kjölfar aðlögunnar nýrra ÍSAT nemenda og í þeim tilvikum sem talin er þörf er á að leggja það fyrir.

Verkefnastjóri og ÍSAT kennarar munu byrja skólaárið á því að úthluta ÍSAT nemendum kennslustundir út frá viðmiðunarstundatöflu fyrir *Íslensku sem annað tungumál*, ásamt stuðningstímum í bekk ef þörf þykir. Við val á tímasetningu ÍSAT kennslustunda verður haft samráð við kennarateymi á yngsta- og miðstigi og fundinn tími sem hentaði hverjum nemanda best. Nemendur á unglingastigi fá ÍSAT kennslustundir þegar samnemendur þeirra eru í íslensku og dönsku, ásamt stökum vinnustundum.

Foreldrasamstarf

Erlendir nemendur sem eru nýjir eða hafa litla reynslu í íslensku skólakerfi þurfa sérstaka aðlögun og er það í hönum verkefnastjóra ÍSAT að skipuleggja það og fylgja eftir. Verkefnastjóri er mest í samskiptum við foreldra við upphaf aðlögunar en eitt af markmiðum aðlögunarinnar er að virkja samskiptin milli heimilis og umsjónarkennara. Verkefnastjóri, ásamt ÍSAT kennurum eru umsjónarkennurum til aðstoðar og ráðgjafar varðandi foreldrasamstarf ÍSAT nemenda. Verkefnastjóri verður áfram upplýstur um stöðu nemenda, er milliliður í að panta túlkapjónustu og bóka viðtöl auk tilfallandi samskipta í samráði við umsjónarkennara.

Þrír nemendur eru í útskriftarárgangi og verður verkefnastjóri einnig til aðstoðar þeim nemendum og foreldrum þegar kemur að framhaldsskólavali og kynningu á námsframboði.

Námsaðlögun

Mikil námsaðlögun á sér stað í kennslu ÍSAT. Námsfyrirkomulag hvers og eins er einstaklingsmiðað og unnið út frá stöðu og þörfum viðkomandi.

Námið er skipulagt út frá námsmarkmiðum í íslensku sem öðru tungumáli og fer hver og einn á sínum hraða í gegnum markmiðin. ÍSAT kennarar koma einnig að námsaðlögun

einstakra nemenda í öðrum fögum en íslensku, ýmist af frumkvæði ÍSAT kennara eða að beiðni annarra kennara.

Námsaðlögunin felst ekki bara í að kenna nemendum íslensku heldur snýst hún líka um að kenna nemendum að vera sjálfstæð og virk í námi og leik.

Í námsaðlögun felst að kenna nemendum að nýta sér þær bjargir sem í boði eru t.d. Ípad, ýmis kennsluforrit, sjónrænt skipulag o.fl.

Kennslan og námsmat

Allir ÍSAT nemendur fá IPAD til afnota í skólanum. Þannig geta nemendur átt samskipti við starfsfólk og samnemendu, þýtt texta og notað viðbætur sem styðja þá í íslenskunáminu og í öðrum námsgreinum.

Kennslan mun áfram fara fram í rými sem er eingöngu fyrir ÍSAT nemendur eða inn á svæðum nemandanna. Leitast verður eftir því að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsefni. Einnig leggjum við áherslu á samskipti og munnlega tjáningu.

Ávalt munu ÍSAT kennarar þróa kennsluhætti sínaog nýta nýútgefið námsefni *Miðstöðvar menntunnar og skólaþjónustu* sem ætlað er ÍSAT nemendum.

ÍSAT kennarar merkja áfram í markmið hvers nemanda út frá því á hvaða stigi hann vinnur á (hæfniviðmið í Íslensku sem annað tungumál). Áhersla verður lögð á fjölbreytileika í námsmati með nýtingu tækninnar ásamt annarii þróunarvinnu í tengslum við leiðsagnarnám. Umsjónar- og fagreinakennarar sjá um námsmat annarra námsgreina.

Í þeim tilvikum sem þörf þykir, útbýr verkefnastjóri grunn að einstaklingsnámskrá erlendra nemenda sem síðan er höfð að leiðarljósi í námi og kennslu nemandans. Í slíkum tilfellum er lögð rík áherlsa á samstarf umsjónarkennara, ÍSAT kennara og foreldra.